

TIL FORELDRA HUGSANLEGRA FERMINGARBARNA Í GARÐAPRESTAKALLI Á AKRANESI VORIÐ 2017

Akranesi 25. apríl 2016.

Kæru foreldrar!

Nýbreytni í fermingarundirbúningi

Fermingarstarf Akraneskirkyju hefst á ný í lok ágúst. Það verður með öðru sniði en áður. Dagana **15.-18. ágúst** (mánudag til fimmtudags) verður haldið sumarnámskeið fermingarfræðslunnar. Ungmennni úr Brekkubæjarskóla verða í fermingarstarfi kl. 9-12 en ungmenni úr Grundaskóla kl. 13-16. Kennt verður í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Hvað um þá sem ekki komast á sumarnámskeiðið?

Þau ungmenni, sem ekki komast á sumarnámskeiðið í ágúst, mæta í staðinn í fermingarfræðslu þrjá föstudaga í september. Tímasetningar kynntar síðar.

Öll fermingarbörnin koma svo til fræðslu í Safnaðarheimilinu Vinaminni einu sinni í mánuði frá síðustu viku í september – fram að fermingu. Ungmennin mæta með sínum skóla, sinnhvorn daginn. Hver samvera er tvær klst. að lengd. Kennsludagar verða kynntir í haust þegar stundatafla skólanna liggur fyrir.

Meiri fjölbreytni, meira svigrúm

Með þessum breytingum viljum við efla enn frekar gott fermingarstarf. Framundan er, sem sé, spennandi og skemmtilegt námskeið í ágúst með sambland af fræðslu og leik, bæði úti og inni. Þannig gefst okkur einnig kostur á að bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá en ella, svo sem tónlist og gesti sem hafa ýmsu góðu að miðla.

Dvalist eina nótt í Vatnaskógi

Farið verður í sólarhringsferðalag í **Vatnaskóg 1.–2. september**. Ferðin er ríflega niðurgreidd af Akraneskirkyju en hver unglingur greiðir kr. 6000. Nánar kynnt síðar.

Má bjóða þér á kynningarfund?

Til að kynna fermingarfræðsluna enn frekar bjóðum við væntanlegum fermingarbörnum og foreldrum þeirra til **kynningarfundar þriðjudaginn 3. maí nk. kl. 18** í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Stutt samvera, hálf tími – 45 mín.

Hvenær verður fermt?

Fermt verður fjóra sunnudaga í röð; **19. mars, 26. mars, 2. apríl og 9. apríl** (pálmasunnudagur). Aðeins ein athöfn verður 19. mars, kl. 14, en tvær athafnir hina fermingardagana, kl. 10.30 og 14.

Hvenær á að skrá í fermingarstarfið?

Skráning fer fram rafrænt á heimasíðu Akraneskirkju – akraneskirkja.is – að loknum fyrrnefndum kynningarfundum. **Skráningu skal vera lokið í síðasta lagi 31. maí.**

Hvað kostar fermingarundirbúningurinn?

Það kostar að vera í fermingarundirbúningi, líkt og það kostar að æfa ýmsar íþróttagreinir utan skóla. Fermingarfræðslugjaldið er **kr. 17.800**. Rukkað verður í tvennu lagi; fyrir fyrri hlutann í ágúst (þegar sumarnámskeiðið hefst) og seinni hlutann áður en fermingar hefjast 19. mars. Gjaldið er ákvarðað af Innanríkisráðuneytinu og getur breyst á fermingarárinu. Sendir verða út greiðsluseðlar.

Munið að skrá ungmennin formlega

Ef þið þurfið á gjaldfresti að halda, semjið þá um slíkt við **Indriða Valdimarsson**, skrifstofustjóra Akraneskirkju. Hann mun taka ykkur vel. (s. **433-1504**).

Mikilvægt er að gengið sé frá skráningu fermingarbarna sem fyrst (**eftir 3. maí**) – svo að hægt sé að raða þeim niður á fermingardagana.

Með bestu kveðju.

sóknarprestur

prestur

Símanúmer og netföng:

Eðvarð: 433-1502 (beinn sími). edvard@akraneskirkja.is

Þráinn: 433-1503 (beinn sími). thrainn@akraneskirkja.is

Athugið: Hér eftir verða öll skilaboð send til ykkar í tölvupósti.